

Stjórnarfundur í Geðhjálp 06.06.19

Mættir: Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, Silja Björk Björnsdóttir, Garðar Sölvi Helgason, Einar Þór Jónsson, Héðinn Unnsteinsson, Sylviane Lecoultre, Halldór Auðar Svansson, Sigríður Gísladóttir, Ágúst Kristján Sveinsson, Ragnheiður H. B. Hafsteinsdóttir, Áslaug Inga Kristinsdóttir, Bergþór Böðvarsson.

1. ***Yfirferð fundargerðar, undirskriftir (SBB).***

Stjórnarmenn skrifuðu undir fundargerð síðasta stjórnarfundar.

2. ***Aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkurborgar (Bergþór H. Þórðarson).***

BHP upplýsti stjórnina um að hann ætti sæti í nýrri Aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkurborgar fyrir hönd ÖBÍ og gegndi formennsku í kjaranefnd ÖBÍ fyrir hönd Geðhjálpar. Hann hvatti Geðhjálp til að senda sér tillögur og ábendingar í þessum málefnasviðum. Jafnframt óskaði hann eftir ábendingum viðstaddra um áherslur á sviði aðgengismála. Rætt var um ýmis konar áreiti/hindranir í umhverfinu, mikilvægi aðgengis að upplýsingum, tölvuþekkingu og aðgengi barna í grunnskólum að þjónustu vegna geðrænna erfiðleika. Síðast en ekki síst var rætt um kjaramál og ákveðið að halda kynningarfund um tillögur um starfsgetumat á haustdögum.

3. ***Crazy Culture, fyrstu drög að dagskrá (EPJ, AGÓ).***

EPJ kynnti fyrstu drög að dagskrá Crazy Culture. Hann fór yfir hugmyndir frá auglýsingastofunni Johnson & Le'macks og hvatti stjórnina til að vera duglega að sækja fundi undirbúningsnefndarinnar og auglýsa hátíðina þegar nær dragi. EPJ sagði jafnframt að gaman gæti verið að bjóða upp á litlar vinnustofur tengdar sérstökum sjúkdómum, aðstandendum eða sértækari vandamálum. Spurning um að Píeta, MHA, Bergið og fleiri minni hópar gætu séð um slíkar umræðu- eða vinnustofur.

HU spurði hvernig samtvinna ætti afmæli Geðhjálpar 9. okt, Alþjóða geðheilbrigðisdagsins 10.okt og forvarnardag sjálfsvíga 10. september. AGÓ sagði frá ráðstefnu um málefni heimilisláusra 10. október og stakk upp á að haldið yrði boð eða opið hús í Geðhjálp á afmælisdag Geðhjálpar 9. október.

GSH er í stjórn Styrktarfélags 10okt. Hann upplýsti að til stæði að sýna forvarnarmynd í anda þema Alþjóða geðheilbrigðisdagsins í ár um sjálfsvígsforvarnir og efna til pallborðs í kjölfarið. HU sagði frá því að WFMH gæfi á hverju ári út stuðningsefni í tengslum við umfjöllunarefni Alþjóða geðheilbrigðisdagsins 10 október.

Umræður um að breyta íslenska nafninu Brjálaðri menningu í Geðveika menningarhátíð eða Klikkaðan kúltúr. Nafnið Klikkaður kúltúr var ákveðið með kosningu.

4. **Lífið á eyjunni, styrkumsókn vegna kvikmyndar (EPJ, AGÓ).** AGÓ fór yfir styrkumsókn ungra kvikmyndagerðarmanna, Viktors Sigurjónssonar og Atla Fjalarssonar vegna kvikmyndarinnar *Lífið á eyjunni*. Hún kynnti myndina og söguþráð hennar og herferð kvikmyndarinnar í grunnskóla landsins. Farið er fram á 500.000 kr. styrk til þess að geta klárað klippingu og hljóðvinnslu myndarinnar. AGÓ lagði til að myndin yrði sýnd á Crazy Culture/Klikkuðum kúltúr. HU lagði til að myndin yrði styrkt án skilyrða en AGÓ reyndi að fá myndina sýnda á Crazy Culture. Stjórnin samþykkti styrkinn. HU lagði til að stofnaður yrði styrktarsjóður fyrir verkefni af þessu tagi.
5. **Stefnumótunarfundur, samantekt frá Arnari Pálssyni (EPJ).** EPJ kynnti samantekt Arnars Pálssonar á stefnumótunarfundi Geðhjálp. Hann benti á að á listann vanti ákvæði um nauðung og þvingun, sem tekið var á stefnumótunarfundi síðasta árs en bæta þurfi því við fyrir stefnumótunarskrá þessa árs. HAS lagði til að settar yrðu fram tillögur um hvernig hægt væri að nýta mannréttindamiðaðar leiðir til að draga úr þvingun.

HU sagði að mikilvægt skref gæti verið að skoða muninn á því hvernig kerfið tæki á móti líkamlegum/vefrænum vanda og geðrænum vanda með félagasamtökum hjarta, krabbameins og geðsjúklunga. Samþykkt að taka upp þá umræðu betur.

AGÓ gerir tillögur um endurskoðun stefnumótunarplaggs og ný verkefni með hliðsjón af áherslum stjórnarinnar. Settur verður stuttur stefnumótunarfundur eftir Crazy Culture og önnur hátíðarhöld í haust.

6. **Heimsókn CPT-nefndar (HU, AGÓ).**

HU kynnti CPT- nefndina á vegum Evrópuráðsins sem beitir sér gegn pyntingum og ómannúðlegri meðferð fanga, geðsjúkra og annarra svipaðra notendahópa. Hann fór yfir heimsókn nefndarinnar og málefni sem tekin voru fyrir, t.d. skipun nefndar Alþingis um lögræðislögin og hvort Ísland geti orðið land án nauðungarvistunnar. HU fór yfir lögin eins og þau eru núna og mögulegar breytingar á 19. greininni.

SBB spurði hvort einhver gögn lægju fyrir eða tölfræði um gangsemi nauðungarvistunar og hvort einhverjir lækna eða lögreglumenn hefðu talað gegn þessu. HU segir að svo sé ekki. HU segir að íslenskir lækna sem starfað hafa erlendis, t.d. í Noregi séu opnari fyrir þessum breytingum. Hann sagði að gagnlegt væri að efna til málþings um nauðungarvistanir, lögræðissviptingar og þvingun í meðferð, með lögfræðingum, heimspekingum og siðfræðingum, fötlunarfræðingum, mannréttingarlögfræðingum og sérstaklega notendum. HU og AGÓ ræddu jákvæðar breytingar síðan 2015 í málaflokknum. HU sagði að liggja þyrfti fyrir tölfræði um þessi málefni og niðurstöðu CPT-nefndarinnar.

7. **Þátttaka Geðhjálp í Hinsegingöngunni (EPJ).**

EPJ ræddi um þátttöku Geðhjálp í Gleðigöngu Hinsegindaga þann 17. ágúst og hvort stjórnarmeðlimir séu sammála því að taka þátt í göngunni. Kosið var og samþykkt af meirihluta stjórnarinnar að Geðhjálp tæki þátt í göngunni.

8. **Erindi frá Fíkniefnalögreglunni**

AGÓ segir frá tölvupósti fíkniefnalögreglunnar með ósk um þátttöku Geðhjálp í að vekja athygli á fíkniefnavánni. Ákveðið er að styrkja ekki auglýsinguna.

9. **Tillaga um starfskjör framkvæmdastjóra (EPJ).**

EPJ, HU og ÁKS fengu umboð stjórnarinnar um að skoða launakjör AGÓ, framkvæmdarstjóra Geðhjálp. EPJ kynnti breytingar á samningnum; launakjör, símakostnað, bensínkostnað og orlofsdaga. HU og fleiri leggja til umræðu um að launakjör framkvæmdarstjóra séu bundin við örorkubætur og geti aldrei hækkað umfram það. Vilji stjórnarinnar er að taka virkari þátt í

viðtölum og fjölmiðlaumfjöllun sem snýr að málefnum félagsins. Gott væri að koma á verklagi fyrir slíka ferla. Samhliða því skuli skoða upplýsingagjöf innan stjórnar um viðburði í fjölmiðlum og fyrirhugaða fjölmiðlaumfjöllun er snertir félagið. Þetta skuli gerast í samvinnu formanns EPJ og framkvæmdarstjóra AGÓ. Stjórnin samþykkir einróma breyttan ráðningarsamning framkvæmdarstjóra AGÓ.

10. **Önnur mál.**

Í kaffihléi varð uppi umræða um hugbreytandi efni (psychedelics, ayahuasca, sveppi og annað) út frá umræðum HU um sýningu á heimildarmynd um slík efni. Hver ætti að vera afstaða Geðhjálp til þessara málefna. Ákveðið að tala um umræðufund um þessi málefni í haust.

11.

Stefnt verður að halda næsta stjórnarfund í ágúst, þann 15. fyrir Gleðigöngu Hinsegindaga.

Fundurinn stóð yfir frá 16.15 til 19.02.